

Fundur stjórnar ÆSKP 13. mars 2018 í Neskirkju

Mætt: Eva Björk, Katrín Helga, Ása Laufey, Sigurður Óskar og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Kirkjuþing

Jónína ræðir um hvort að það séu einhverjir sem við viljum skora á úr röðum ungs fólks sem vilja bjóða sig á kirkjuþing, þar sem kirkjuþing hvetur nú fólk undir 35 ára til að bjóða sig fram. Hún setur inn hvatningu á facebook-síðu Kirkjuþing unga fólksins til að hvetja þau til að bjóða sig fram.

Eva minnir á að hvetja einnig fólk utan af landi til að sækja um.

Skrifa undir blað frá fyrirtækjaskrá

Það stjórnarfólk sem er mætt skrifar undir blaðið frá fyrirtækjaskrá.

Kynna stöðuna á landsmóti

Stefnt er að fundi á Egilstöðum 20. apríl.

Skólastjórinn á Egilstöðum er að funda í næstu viku þar sem ætti að koma fram hvenær vetrarfríið verður þar. Um leið og við vitum það setur Eva það inn í dagbók kirkjunnar. Við verðum að fá tímasetningu sem fyrst svo landsmót verði ekki á sama tíma og kirkjuþing.

Fundur á Snæfellsnesi 5. maí

Ekki búið að staðfesta fundinn. Á fundinum mun fulltrúar stjórnar taka aðstöðuna út og athuga hvort möguleiki sé á að halda Landsmót þar 2019.

Viljum við halda mót þar sem mótsvæðið er á einum stað og gíst er á öðrum og fært er á milli? Sigurði finnst það síðri kostur. En við erum búin að vera með minni mót síðustu tvo skipti, svo það gæti gengið.

Einnig má skoða Sauðárkrók eða Dalvík sem staðsetningu fyrir landsmót.

Sumarmótið í júní

Ákveðið var að halda sumarmót fyrstu helgina í júní. Sú tímasetning virkar betur fyrir stjórnarmeðlimi ásamt því að skátarnir eru með Drekaskátamót aðra helgina á Úlfjótssvatni. Sumarnámskeið skáta eru einnig ekki byrjuð þá.

Alþjóðlegt mót í haust

Alþjóðlega mótið í haust er ennþá í vinnslu. Vinir okkar í Danmörku höfðu þema í fyrra sem voru leikir og leikjastarf. Við gætum fengið Peter þar til að koma og kenna leiki. Þau hafa verið að taka myndbönd af leikjunum, sem er það sem ÆSKP hefur verið að skoða.

Aðalfundur EF í kaupmannahöfn

Jónína segir frá aðalfundi EF sem hún sagði vera ábótavant. Allar upplýsingar um fundinn bárust seint og gistingin sem boðið var upp á var vægast sagt ógeðsleg. Það var yfir 40 manns í húsinu með aðeins tvær sturtur, þar sem ein virkaði ekki. Þetta var óboðlegt. Hún og Sigurður ákváðu að þau gætu ekki gist þarna og þau bókuðu hótél með mjög stuttum fyrirvara með leyfi frá formanni ÆSKP.

Ef Jónína hefði vitað af þessu fyrirfram þá hefðu þau getað verið búin að bóka sér gistingu og mögulega fengið betra verð.

Eva leggur til að skrifa bréf á stjórn EF og benda á að svona aðstæður séu ekki í boði.

Fundirnir sjálfir gengu vel. Fjármálin standa betur og það hafa komið inn styrkir. Það vantaði hins vegar reynslu í hluta af hópnum við að sitja svona fundi. Samþykkt var að hafa tvo fundi á ári en ekki einn, þar sem einn var ekki nóg.

Kosið var um formann og Simon frá N-Írlandi var kosinn.

Allsstaðar eru erfiðleikar við að koma þátttakendum á alþjóðlega viðburði, svo við erum ekki þau einu sem standa í því. Það eru þó margir að gera ýmislegt spennandi alþjóðleg verkefni sem að gæti verið skemmtilegt að taka þátt í, en það vantar að auglýsa þá.

Aðalfundur EF 2019 á Íslandi

Það er komið að okkur að halda aðalfund EF í maí á næsta ári. Jónínu og Sigurð dettur í hug að hafa fundinn sjálfan á Biskupsstofu, og að hver og einn myndi sjá um sína eigin gistingu. ÆSKP gæti bent á og hjálpað fólki að finna ódýra og góða gistingu. Að hafa fundinn á Biskupsstofu gæti gert hann formlegri og sýnt að við erum með gott virkt

starf. Hin hugmyndin er að halda þetta í Skálholti, en þá eru þau ekki nálægt neinu sem hefur bæði kosti og galla.

Jónína talar um að breyta skipulaginu. Fundinn sjálfur hefur aðallega verið allan laugardaginn, en hægt væri að hafa hann yfir föstudag, laugardag og sunnudag. Gaman væri að fara með fólkið í einhverja túristaferð á mánudeginum, sem að þátttakendur myndu bara borga sjálfir fyrir. Sigurður bendir á að það gleymist stundum að skemmtiþátturinn í þessu skiptir líka máli, svo að fólk mæti.

Út búa viðmiðunarreglur varðandi kostnað við ferðir erlendis/innanlands.

Ferðin til Danmerkur vakti hjá Jónínu spurningar um kostnað á ferðalögum. Hún var ekki viss um hver myndi borga kostnaðinn fyrir hótelið. Það þarf að búa til viðmiðunarreglur um hvað ÆSKP getur borgað í svona ferðum.

Við erum meðvituð að verð og aðstæður eru mismunandi eftir löndum. Raunhæfasti ódýrasti flugmiðinn með handfarangri ætti þó að vera fast viðmið fyrir flug fyrir ferðir sem aðeins standa yfir helgi eða tæpa viku.

Gistimöguleikar ættu að geta verið bornir undir stjórn og samþykktir á fundi. Eðlilegt væri að bóka á fundi, svo að stjórnin fylgist með hvað sé bókað.

Hvaða máltíðir í ferðalagi eru innifaldar? Það eru ekki borgaðir dagpeningar, svo að ÆSKP verður að borga mat. Það verður þó að vera viðmið um hversu dýrt það getur verið. Hægt væri að miða við verðlag í hverju landi.

Fínt væri að sjá hvort að önnur samtök sé með einhverskonar viðmið fyrir það.

Þar sem Jónína er að fara í flestar af þessum ferðum og græðir á því ef að verðviðmið væri hátt finnst henni óeðlilegt að hún færi að skoða hvað viðmiðið ætti að vera. Eðlilegra væri að gjaldkeri (Katrín) skoði það og leggi fyrir stjórnina.

Taka til í skápum

Farið var niður og ÆSKP skápurinn færður til.